

Minnisblað

Til: Bæjarstjórnar
Frá: Hjördís Þráinsdóttir
Dags. 10. apríl 2018
Mnr. 2018020003



ÍSAFJARÐARBÆR

Yfirlit fyrir 416. fund bæjarstjórnar, yfir frumvörp og þingsályktunartillögur sem Ísafjarðarbæ hafa verið send til umsagnar.

Eftirfarandi er yfirlit yfir frumvörp og þingsályktunartillögur sem sendar hafa verið Ísafjarðarbæ til umsagnar eftir 415. fund bæjarstjórnar 15. mars sl.

1. Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál.

Bæjarráð vísaði umsagnarbeiðninni til velferðarnefndar, sem ekki hefur gefið umsögn.

Bókun 1012. fundar bæjarráðs, 9. apríl:

16. Frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediktsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 27. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um jafna meðferð á vinnumarkaði, 394. mál. Umsagnarfrestur er til 13. apríl nk.

Visað til umsagnar í velferðarnefnd.

2. Frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál.

Bæjarráð vísaði umsagnarbeiðninni til velferðarnefndar, sem ekki hefur gefið umsögn.

Bókun 1012. fundar bæjarráðs, 9. apríl.

17. Frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediktsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 27. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um lögheimili og aðsetur, 345. mál. Umsagnarfrestur er til 12. apríl nk.

Visað til umsagnar í velferðarnefnd.

3. Frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál.

Bókun 1010. fundar bæjarráðs, 19. mars.

8. Frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 12. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um Þjóðskrá Íslands, 339. mál. Umsagnarfrestur er til 3. apríl nk.

Lagt fram til kynningar.

4. Tillaga til þingsályktunar um byggðaáætlun.

Bókun 1010. fundar bæjarráðs, 19. mars.

9. Tillaga til þingsályktunar um byggðaáætlun. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Jóhannesar Tómassonar, f.h. samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis, dagsettur 13. mars sl., þar sem kynnt er að tillaga til þingsályktunar um byggðaáætlun sé komin í kynningu í samráðsgátt stjórnvalda. Umsagnarfrestur er til 21. mars nk.

Lagt fram til kynningar.

5. Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál.

Bókun 1010. fundar bæjarráðs, 19. mars.

10. Frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál. - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Kristjönu Benediktsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 12. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um almenn hegningarlög (bann við umskurði drengja), 114. mál. Umsagnarfrestur er til 28. mars nk.

Lagt fram til kynningar.

6. Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389. mál.

Bókun 1011. fundar bæjarráðs, 26. mars.

14. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 22. mars sl., þar sem Ísafjarðarbæ er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389. mál. Umsagnarfrestur er til 5. apríl nk.

Lagt fram til kynningar.

Hjördís Þráinsdóttir,
skjalastjóri.